

77

24. febr.

43. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett til að öðlast gildi þegar í stað og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Flateyrarkauptún, nr. 145 27. ágúst 1940, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við reglugerð þessa.

Þetta birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

78

14. marz

AUGLÝSING

um breyting til bráðabirgða á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, nr. 15
8. marz 1937, sbr. breytingu nr. 178 28. október 1941.

1. gr.

Suðu- og hitanotkun til heimilisþarfa miðað við fullkomið suðutæki verði á mánuði 150 kwst. miðað við þriggja manna fjölskyldu, fjögurra manna 165 kwst., fimm manna 180 kwst. og 10 kwst. fyrir hvern heimilismann umfram 5.

Ljósaverð haldist óbreytt.

Óheimilt er að nota meira rafmagn en fyrr segir. Verði út af því brugðið greiðist umframnotkun með kr. 2.50 hver kwst.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðabreyting þessi á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 1923.

Félagsmálaráðuneytið, 13. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

79

14. marz

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vetrarvertíð.

2. gr.

Frá 1. degi janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu, seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 15. febrúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 15. febrúar til 15. marz, kl. 2 f. h., og frá 15. marz til 15. apríl, kl. 1 f. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma.